

| <b>Eyðublað vegna tillögu sveitarstjórnar að sérstöðum skilyrðum fyrir úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2021/2022</b> |  |
|---|--|
| <b>Sveitarfélag:</b>  | Fjallabyggð  |
| <b>Stutt skýring á tillögu/ósk um sérreglur.</b>  | <i>Ósk um sérreglur gengur út á að tryggja rétt útgerðaraðila til löndunar óháð byggðarlagi sem bátur er skráður í en viðhalda skyldu til löndunar til vinnslu innan sveitarfélagsins. Að setja hömlur á magn úthlutunar til einstaks útgerðaraðila (80 tonn). Og óska eftir því skilgreiningu á vinnslu verði breytt með þeim hætti að slæging teljist til vinnslu bolfisks (skilgreining vinnslu grásleppu helst óbreytt).</i>   |
| <b>Tillaga varðar hluteigandi byggðarlag:</b>   | <p>Ákvæði reglugerðar nr. 995/2021 gilda um úthlutun byggðakvóta Ólafsfjarðar og Siglufjarðar með eftirfarandi breytingum:</p> <p>a) Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðisárs, skal að öðru leyti fara til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. reglur um sérstöð skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal skipt hlutfallslega af því aflamarki sem fallið hefur til viðkomandi byggðarlags, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið innan viðkomandi sveitarfélags á tímabilinu 1. september 2020 til 31. ágúst 2021, þó að hámarki 80 þorskígildistonn á fiskiskip.</p> <p>b) Ákvæði 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Afli af fiskiskipum sem landað er í sveitarfélagi af bátum sem ekki eru skráðir innan viðkomandi sveitarfélags á sama tíma, telst ekki til landaðs afla samkvæmt 1. mgr.</p> <p>c) Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta til vinnslu innan sveitarfélagsins á tímabilinu 1. september 2021 til 31. ágúst 2022.</p> <p>d) Í ákvæði 4. mgr. 6. gr verði bætt "slægingu á bolfisk" í upptalningu á vinnslu.</p> |
| <b>Dagsetning staðfestingar sveitarstjórnar á tillögu:</b>  | Staðfest af bæjarstjórn þann 19. janúar 2022. sjá fskj..   |
| <b>Tillaga varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)</b>  |  |
| <b>Tillaga varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)</b>  | Ekki er óskað breytinga á 1. gr.   |
| <b>Rökstuðningur varðandi breytingu á almennum</b>  | Á ekki við.  |

|   |   |
|---|---|
| skilyrðum (ákvæði 1. gr.)   |   |
| <b>Tillaga varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)</b> |   |
| Tillaga varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)        | <p><i>Óskir um breytingar/sérreglur eru feitletraðar og undirstrikaðar.</i></p> <p style="text-align: center;">4. gr.</p> <p style="text-align: center;"><i>Viðmiðanir um úthlutun aflamarks til einstakra fiskiskipa.</i></p> <p>Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiski-skipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í ein-stökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal skipt hlutfalls-lega af því aflamarki sem fallið hefur til viðkomandi byggðarlags, miðað við allan landaðan botnfisk-afla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið innan viðkomandi <b>sveitarfélags</b> á tímabilinu 1. september 2020 til 31. ágúst 2021, <b>þó að hámarki 80 þorskígildis-tonn á fiskiskip.</b> Komi minna en 100 þorskígildiskíló í hlut fiskiskips samkvæmt framangreindum reglum fellur hlutur til þess niður og skiptist hlutur þess milli annarra fiskiskipa frá sama byggðarlagi sem uppfylla skilyrði fyrir úthlutun.</p> <p>Afli sem landað er í <b>sveitarfélagi</b> úr fiskiskipum sem ekki eru skráð innan viðkomandi byggðarlags, telst ekki til landaðs afla samkvæmt 1. mgr.</p> <p>Réttindi til úthlutunar fylgja skipi, nema ef eigandi eða leigutaki fiskiskips, sbr. 1. gr., hefur endurnýjað fiskiskip sitt á því viðmiðunartímabili sem fram kemur í 1. mgr. og flutt aflahlutdeildir af eldra skipinu yfir á endurnýjaða skipið getur hann í umsókn sinni óskað eftir að við úthlutun aflamarks, skv. 1. mgr. sé tekið tillit til landaðs afla eldra skips umsækjanda í sömu hlutföllum og nemur þeim aflahlutdeildum sem hafa verið fluttar milli skipanna.</p> <p>Ef fiskiskip er endurnýjað eftir að skipting aflamarks hefur farið fram samkvæmt 1. mgr. en áður en uppfyllt hafa verið skilyrði samkvæmt 6. gr. er heimilt að óska eftir að flytja rétt til úthlutunar aflamarks af eldra skipinu yfir á endurnýjaða skipið, enda hafi verið gerður fyrirvari þess efnis í kaupsamningi eða afsali, hafi skip verið selt á því tímamarki.</p> |
| Rökstuðningur varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)  | <p>Hvað varðar heimild skipa til að landa innan hvors byggðarkjarna sem er óháð skráningu skips og úthlutun byggðakvóta til þess skips þá er það mat sveitarstjórnar að með því sé viðhaldið eðlilegum og sanngjörnum möguleikum útgerðar- og fiskvinnsluaðila til að eiga viðskipti sín í milli óháð heimilisfesti báts eða vinnslu svo lengi sem báðir aðilar eru skráðir í Fjallabyggð. Vert er í þessu sambandi að geta þess að einungis eru 17 km. landvegin á milli kjarna og því augljóst að um eitt atvinnusvæði er að ræða.</p> <p>Hámark á úthlutað magn til einstaks skips (80tonn) er sérstaklega hugsað til að viðhalda og gæta að viðgangi smábátaútgerðar í Fjallabyggð enda er sá útgerðarflokkur samfélaginu mikilvægur í atvinnulegu tilliti flestra atvinnugreina í sveitarfélaginu.</p>   |
| <b>Tillaga varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)</b>    |   |
| Tillaga varðandi breytingu á löndunarskyldu eða   | <p><i>Óskir um breytingar eru feitletraðar og undirstrikaðar.</i></p> <p style="text-align: center;">6. gr.</p>   |

|   |   |
|---|---|
| <p><b>vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)</b></p>   | <p style="text-align: center;"><i>Skilyrði um afhendingu byggðakvóta.</i></p> <p>Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta til vinnslu innan hlutaðeigandi <b>sveitarfélags</b> á tímabilinu frá 1. september 2021 til 31. ágúst 2022. Skilyrði þess að afla teljist landað til vinnslu er að honum sé haldið aðskildum frá öðrum afla ásamt því að vera vigtaður og skráður sérstaklega við vigtun á hafnarvog. Aflinn skal nema, í þorskígildum talið, tvöföldu magni þess aflamarks sem þau fá úthlutað samkvæmt reglugerð þessari. Eigandi fiskiskips skal gera skriflegan samning við fiskkaupanda um magn sem landað verður til vinnslu hjá viðkomandi vinnsluaðila, þar sem fram kemur að vinnsluaðili skuldbindi sig til að vinna aflann og skal bæjar- eða sveitar-stjórn árita samninginn til staðfestingar.</p> <p>Úthlutun aflamarks fer fram á grundvelli vigtarnóta sem borist hafa Fiskistofu og skal úthlutun til þeirra ekki fara fram nema að því leyti sem það skilyrði er uppfyllt. Miða skal við allar botnfisk-aflategundir sem gefinn hefur verið út þorskígildisstuðull fyrir. Einnig er það skilyrði fyrir úthlutun að ekki hafi verið flutt meira aflamark í þorskígildum talið á fiskveiðiarinu 2021/2022 frá viðkomandi fiskiskipum en flutt hefur verið til þeirra þegar afhending aflamarks á sér stað.</p> <p>Afla sem boðinn er upp á fiskmarkaði telst ekki hafa verið landað til vinnslu samkvæmt þessari grein. Þá er einungis heimilt að meta til viðmiðunar samkvæmt þessari grein landaðan afla sem ekki hefur áður verið metinn til úthlutunar byggðakvóta.</p> <p>Með vinnslu, skv. 1. mgr. er átt við flökun, flatningu, frystingu, söltun, herslu <b>eða slægingu á bolfiski.</b></p> <p>Ef eigandi eða leigutaki fiskiskips, sbr. 1. gr. hefur endurnýjað fiskiskip sitt eftir að lokið er því viðmiðunartímabili sem fram kemur í 1. mgr. 4. gr. en áður en uppfyllt hafa verið skilyrði samkvæmt þessari grein og eftirstöðvar á rétti til úthlutunar, skv. 4. mgr. 4. gr., verið flutt af eldra skipinu yfir á endurnýjaða skipið, sbr. 3. mgr. 4. gr., skal við mat á hvort uppfyllt eru skilyrði samkvæmt þessari grein einnig heimilt að miða við landaðan afla beggja skipanna í viðkomandi byggðar-lagi.</p> |
| <p><b>Rökstuðningur varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)</b></p> | <p>Vísað er til rökstuðnings hér að ofan varðandi breytingu úr „byggðalagi“ í „sveitarfélag“.</p> <p>Rökstuðningur fyrir ósk sem fram er sett í staflað d í samþykkt bæjarstjórnar er að nú eru engar starfandi vinnslur í sveitarfélaginu sem hafa hug á að vinna bolfiskafla í samræmi við skilgreiningu 4. mgr. 6. gr. reglugerðar. Breytingar hafa orðið frá fyrra ári enda hefur rekstrarumhverfi smærri fiskvinnsla verið mjög erfitt um langt skeið. Af þeim sökum og þar sem til staðar eru vinnslur sem hafa hug á að kaupa fisk og slægja og að með því skapast störf þá er það mat bæjarstjórnar að staðinn sé vörður um atvinnu í sveitarfélaginu til sjós og lands.</p>  |

## **Fylgiskjal, afgreiðsla bæjarstjórnar Fjallabyggðar á 209. fundi hennar dags. 19. janúar 2022.**

### **2112053 - Úthlutun byggðakvóta 2021-2022**

Til máls tóku Nanna Árnadóttir, S. Guðrún Hauksdóttir, Tómas Atli Einarsson, Elías Pétursson, Jón Valgeir Baldursson, Helgi Jóhannsson og Helga Helgadóttir.

Lögð er fram afgreiðsla bæjarráðs frá 726. fundi, dags. 13. janúar 2022 þar sem bæjarráð vísaði afgreiðslu málsins til bæjarstjórnar.

Forseti bæjarstjórnar bar upp eftirfarandi tillögu um ósk sveitarfélagsins um sérreglur.

Bæjarstjórn felur bæjarstjóra að senda ráðuneytinu eftirfarandi ósk um sérreglur í reglugerð 995/2021 vegna byggðakvóta.

Lagt er til að sérreglur í reglugerð hvað varðar Fjallabyggð verði með þeim hætti að heimilt verði að landa afla innan sveitarfélags óháð því í hvoru byggðarlagi bátur fær úthlutun, einnig er lagt til að hámark úthlutunar til hvers skips verði ekki meiri en 80 tonn, að síðustu er óskað eftir sérreglu er varðar skilgreiningu á vinnslu sem fram kemur í 4 mgr. 6. gr þ.e. að henni verði breytt með þeim hætti að slæging bolfisks teljist til vinnslu.

Ákvæði reglugerðar nr. 995/2021 gilda um úthlutun byggðakvóta Ólafsfjarðar og Siglufjarðar með eftirfarandi breytingum:

- a) Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal skipt hlutfallslega af því aflamarki sem fallið hefur til viðkomandi byggðarlags, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið innan viðkomandi sveitarfélags á tímabilinu 1. september 2020 til 31. ágúst 2021, þó að hámarki 80 þorskígildistonn á fiskiskip.
- b) Ákvæði 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Afli af fiskiskipum sem landað er í sveitarfélagi af bátum sem ekki eru skráðir innan viðkomandi sveitarfélags á sama tíma, telst ekki til landaðs afls samkvæmt 1. mgr.
- c) Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta til vinnslu innan sveitarfélagsins á tímabilinu 1. september 2021 til 31. ágúst 2022.
- d) Í ákvæði 4. mgr. 6. gr verði bætt "slægingu á bolfisk" í upptalningu á vinnslu.

Hvað varðar rökstuðning vegna staflíða a til c vísast til rökstuðnings fyrri ára.

*Rökstuðningur fyrir ósk sem fram er sett í staflíð d er að nú eru engar starfandi vinnslur í sveitarfélaginu sem hafa hug á að vinna bolfiskafla í samræmi við skilgreiningu 4. mgr. 6. gr. reglugerðar. Breytingar hafa orðið frá fyrra ári enda hefur rekstrarumhverfi smærri fiskvinnsla verið mjög erfitt um langt skeið. Af þeim sökum og þar sem til staðar eru vinnslur sem hafa hug á að kaupa fisk og slægja og að með því skapast störf þá er það mat bæjarstjórnar að staðinn sé vörður um atvinnu í sveitarfélaginu til sjós og lands.*

*Bæjarstjórn samþykkir með 7 atkvæðum tillögu forseta og felur bæjarstjóra að senda þær á ráðuneytið.*